

8. gr.

Sjóðinn má efla með minningargjöfum og framlögum er einstaklingar, fyrirtæki og félag vilja leggja fram. Þá skal sjóðurinn fyrst um sinn njóta árlegs framlags frá F. E. R., er aðalfundur félagsins ákveður á hverjum tíma, og skal það fé lagt við höfuðstól sjóðsins. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna með öðrum hætti.

9. gr.

Verði F. E. R. lagt niður eða sameinað öðru félagi, skal Minningarsjóður Mikka-línu og Kristjáns Oddssonar Dýrfjörðs starfa áfram sem sérstök stofnun undir stjórn Sambands íslenskra rafveitna.

Sjóðurinn beri eftir sem áður sama nafn, og starfi í höfuðdráttum samkvæmt skipulagsskrá þessari.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

28. júní 1968.

Nr. 238.

AUGLÝSING

um umferð í Búðareyrarkauptúni í Reyðarfirði.

Eftir heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps, hefur eftirfarandi verið ákveðið varðandi umferð í Búðareyrarkauptúni við Reyðarfjörð:

1. Biðskylda er ákveðin við eftirtaldar götur gagnvart Aðalbraut: Mánagata, Heiðavegur, Hafnargata, Búðavegur, Ásgerði, Aragata, Bakkavegur, Bakkagerðisvegur, uppkeyrsla af bryggju á Bakkagerðiseyri, Brekkugata og Öldugata.
2. Bannað er að leggja ökutæki báðum megin Aðalbrautar við íbúðarhúsið Garð á 50 metra kafla.
Bannað er að leggja ökutæki á 25 metra kafla báðum megin vegar við Verzlunina Framsókn.
3. Um stíg, sem sker Aðalbraut, og liggur á milli íbúðarhúsanna Framtíðar og Ekru, er allur akstur bannaður.
Umferðarmerki verða sett upp í samræmi við auglýsingu þessa.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 28. júní 1968.

Valtýr Guðmundsson.